

**Nd.**

**926. Breytingartillaga**

við frv. til laga um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða þau að fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu  $\frac{2}{3}$  þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp í skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa í skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.